

Nd. **192. Frumvarp til laga** [40. mál]
um breyting á lögum nr. 6 10. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 9. grein laga nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

- e. Eignaauki, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti, sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. e-lið 7. greinar. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.

2. gr.

Tekjuskatt álagðan árið 1948 skal ákveða að nýju í samræmi við ákvæði 1. greinar, ef skattgreiðandi krefst þess innan þriggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.